



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

19. mars 2019

Mál nr. E-159/2019:

Stefnandi: Rit og bækur ehf.
(*Magnús Pálmi Skúlason lögmaður*)

Stefndi: Reykjavíkurborg
(*Þórhildur Lilja Ólafsdóttir lögmaður*)

Dómari: Lárentínus Kristjánsson héraðsdómari

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 19. mars 2019 í máli nr. E-159/2019:

Rit og bækur ehf.

(Magnús Pálmi Skúlason lögmaður)

gegn

Reykjavíkurborg

(Ebba Schram lögmaður)

Mál þetta sem höfðað var 8. janúar sl. var tekið til úrskurðar eftir munnlegan málf lutning um málskostnaðarkröfu stefnanda 13. mars sl. Stefnandi er Rit og bækur ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík og stefndi er Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Í málinu gerði stefnandi kröfu um að stefndi greiddi honum 8.224.545 krónur með dráttarvöxtum frá 9. mars 2018 til greiðsludags, auk málskostnaðar.

Eftir að stefndi í þinghaldi 7. mars sl. lagði fram bókun þess efnis að stefndi féllist á dómkröfur stefnanda en óskaði eftir því að úrskurðað yrði um málskostnað, lagði stefnandi fram bókun þar sem hann krafðist til viðbótar fyrri málskostnaðarkröfu álags á málskostnað samkvæmt 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Málavextir, eins og þeir horfa við stefnanda og sem styðjast við framlögð gögn, eru þeir helstir að með umsókn 3. október 2016 sótti byggingarfélag um breytingu, fyrir hönd stefnanda, á fasteigninni Laugavegur 95-99, landnr. 210318, en stefnandi er eigandi þeirrar fasteignar. Fyrirhuguð breyting fólst í, að starfsemi hússins yrði hótélstarfsemi í flokki V, ásamt verslun og þjónustu á jarðhæð, að heimild yrði veitt til að endurbyggja núverandi byggingu og að heimild yrði veitt til að byggja við

núverandi byggingu meðfram Laugavegi á 2., 3. og 4. hæð ásamt endurbyggingu útveggja og þaks í heild.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs stefnda 30. nóvember 2016 var erindið kynnt og því vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa sem samþykkti það 6. desember 2016. Erindið var svo samþykkt af umhverfis- og skipulagsráði 7. desember 2016.

Í framhaldi af því barst stefnanda greiðsluseðill að fjárhæð 8.224.545 krónur dagsettur 14. desember 2016, þar sem stefndi krafði hann um bílastæðagjald fyrir 4,2 meint viðbótarbílastæði sem stefndi taldi að stefnanda bæri að greiða til að fá útgefið byggingarleyfi vegna viðbyggingarinnar.

Stefnandi taldi að sér bæri ekki skylda til að greiða gjaldið þar sem ekki vantaði bílastæði á lóðina til að uppfylla kröfur skipulags, heldur þvert á móti tilheyrðu henni umfram bílastæði. Í kjölfarið fylgdu nokkur samskipti á milli aðila málsins.

Í erindi stefnanda var m.a. bent á að fyrir lægi að réttur eignarinnar frá 7. febrúar 2007 næði til 34,3 bílastæða utan lóðarinnar Laugavegs 95-99. Sá réttur hefði ekki og gæti ekki fallið niður þrátt fyrir samþykktu breytta notkun hússins nú. Þannig fengi félagið engan veginn séð hvernig stefndi teldi sér heimilt að innheimta gjald fyrir 4,2 viðbótarbílastæði þegar fyrir lægi að 3,1 umframbílastæði tilheyrði lóðinni þrátt fyrir breytta notkun.

Erindi stefnanda var tekið fyrir af svokölluðum starfshópi lögfræðinga um meðferð bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg, sem komst að þeirri niðurstöðu að álagning gjalds vegna „viðbótarbílastæða“ væri í samræmi við gildandi reglur.

Stefnandi sætti sig ekki við niðurstöðu umrædds starfshóps og ritaði annað bréf dagsett 2. júní 2017, þar sem hann fór fram á að gjald fyrir viðbótarbílastæði yrði felld niður vegna þess að ekki væru skilyrði til innheimtu þess. Taldi hann alveg ljóst að innheimta gjaldsins væri ekki í samræmi við gjaldskrá fyrir bílastæðagjald í Reykjavík nr. 441/2016 en þar kæmi fram í 2. gr. að greiða skyldi bílastæðagjald fyrir þann fjölda bílastæða sem á skorti til að uppfylltar væru kröfur um fjölda bílastæða samkvæmt deiliskipulagi sbr. 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þar sem hvorki gekk né rak að mati stefnanda ákvað hann að kæra málið til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 12. október 2017. Taldi stefnandi sýnt að kærufrestir til nefndarinnar ættu ekki við þar sem hann kveðst ekki hafa verið búinn að greiða gjaldið á þeim tíma. Ástæðan var sú að stefndi hafði ekki tilkynnt stefnanda í bréfi 14. ágúst 2017 að um endanlega ákvörðun væri að ræða sem væri kæranleg til úrskurðarnefndar. Auk þess hefði rökstuðningur stefnda verið þannig að hann stæðist enga skoðun en hann laut að sjónarmiðum um endurgreiðslu gjaldsins þegar krafa stefnanda, sem hann óskaði rökstuðnings á, laut að skilyrðum gjaldtökunnar.

Úrskurðarnefnd tók sér að sögn stefnanda rúmt ár að kveða upp úrskurð sinn, en vísaði svo málinu frá með úrskurði 8. nóvember 2018, í máli nr. 122/2017, á þeim forsendum að kærufrestur hafi verið liðinn.

Þann 9. mars 2018 greiddi stefnandi miðað við gögn málsins bílastæðagjaldið, samtals 8.224.545 krónur, þ.e. höfuðstól kröfunnar sem er stefnufjárhæð þessa máls, en með fyrirvara um réttmæti kröfunnar.

Stefnandi kveðst fyrir útgáfu hafa á annað ár reynt að fá hinni, að hans mati, ólögmetu gjaldtöku hrundið, en hann hafi neyðst, líkt og fyrr segi, til að greiða gjaldið með fyrirvara þann 9. mars 2018. Stefndi hafi verið ófáanlegur til að fella gjaldið niður og hafi því málshöfðun þessi verið nauðsynleg.

Með vísan til þess að stefndi hefur nú án þess að skila greinargerð í málinu eða leggja fram gögn, samþykkt stefnukröfu stefnanda verður mál þetta fellt niður með vísan til a-liðar 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Jafnframt á þá stefnandi tilkall til málskostnaðar samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laganna.

Dómurinn verður að fallast á það með stefnda að nokkuð sé vel í lagt af hálfu stefnanda þegar kemur að málskostnaðarkröfu hans og er þá horft til eðlis þess ágreinings sem uppi var og gangs málsins. Krafan er upp á 2.038.830 krónur eða alls með virðisaukaskatti 2.528.149 krónur. Ofan á það krefst nú stefnandi þess að leggist

sérstakt álag. Það að ekki verður betur séð en að krafa stefnanda byggi á tímskýrslum lögmanns stefnanda, reikningum samkvæmt þeim sem hafi allir verið greiddir, getur ekki bundið hendur dómsins heldur verður hér sem alla jafnan, lagt heildstætt mat á hvað geti talist eðlilegur og sanngjarn málskostnaður. Málskostnaðarákvörðun dómara hefur þannig, í sjálfu sér, ekki bein áhrif á lögskipti lögmanns og umbjóðanda hans, sem geta samið um hærri eða lægri þóknun eða málskostnað heldur en þá sem aðili fær sér tildæmda í formi skaðabóta úr hendi gagnaðila.

Miðað við tímaskráningu hefur lögmaður stefnanda varið alls 102,5 klukkustundum í málið sem vel að merkja lauk svo til strax eftir þingfestingu þess. Tímagjaldi lögmannsins er þó nokkuð í hóf stillt m.v. það sem gerist og gengur. Upphafsbref lögmanns stefnanda til stefnda, sem er rétt rúmar tvær blaðsíður, tók miðað við tímaskýrslur 11 klukkustundir í samningu. Þá tók það 38,5 stundir að skrifa og ganga frá kæru til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og 51,5 klukkustund að skrifa og væntanlega ganga frá stefnu málsins, sem eðli máls samkvæmt fjallar að lang mestu leyti um sömu málsatvik, málsástæður og lagarök og kæran. Þar undir eru reyndar sögð vera að auki símtöl sem þó eru ekki sundurliðuð eftir tilefni og tíma. Þessar unnu stundir lögmanns stefnanda vegna þeirra þriggja meginstoða sem mynda kröfu hans, þ.e. kröfubréf, kæru og stefnu málsins, telur dómurinn að séu úr hófi, miðað við umfang málsins og eðli þess ágreinings sem uppi var. Þá eru engin efni, að mati dómsins, til að horfa til sjónarmiða sem byggt er á og vísa til 2. mgr., sbr. 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 og dæma álag á málskostnað. Uppi var sannanlega lagalegur ágreiningur með aðilum þar sem stefndi taldi ekki ástæðu til að hvika frá sinni sýn á þann ágreining fyrir en eftir að stefnandi höfðaði og hafði þingfest mál fyrir dómnum, en til þess er honum að öllu jöfnu vitaskuld játað svigrúm. Á hitt má benda að hafi málstaður stefnanda verið jafn óumdeildur og skýr og stefnandi byggir m.a. kröfu um álag á, hefði málatilbúnaður hans væntanlega þolað eitthvað minni yfirlegu.

Þá er að endingu litið til þess að meginreglan er sú að bætur vegna kostnaðar málsaðila er hlýst af rekstri ágreiningsmála innan stjórnslunnar verða alla jafnan ekki dæmdar. Sú meginregla hefur þannig verið talin gilda samkvæmt íslenskum rétti að borgararnir verði sjálfir að bera þann kostnað sem þeir hafa af erindum sínum til stjórnvalda og málarekstri fyrir þeim. Kjósi þeir að nota aðstoð sérfræðinga við slík erindi og hafa af því kostnað geti þeir ekki krafist þess að sá kostnaður sé þeim bættur,

hvort sem erindið skilar þeim árangri eða ekki. Sérstaka lagaheimild þarf til þess að unnt sé að krefjast endurgreiðslu slíks kostnaðar, en slík lagaheimild er ekki fyrir hendi í máli þessu. Stefnandi hefur í málinu ekki teft fram haldbærum rökum sem styðja kröfu hans um að víkja frá þessari meginreglu.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur dómurinn hæfilegan málskostnað til stefnanda 950.000 krónur.

Málið um þennan ágreining flutti Magnús Pálmi Skúlason lögmaður fyrir stefnanda og Þórhildur Lilja Ólafsdóttir lögmaður fyrir stefnda vegna Ebbu Schram lögmanns.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

ÚRSKURÐARORÐ

Mál þetta er fellt niður.

Stefndi Reykjavíkurborg greiði stefnanda, Riti og bókum ehf, 950.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson